

Ársskýrsla æskulýðsnefndar Snæfellings 2021 - 2022

Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Snæfellings starfsárið 2021-2022 átti að vera mjög skemmtilegt og viðburðaríkt en vegna covid frestuðust ansi margir viðburðir á okkar vegum en eitthvað náðum við þó að gera.

Í okkar félagi eru krakkar á mismunandi aldri og öllum stigum hestamennskunnar. Þessir krakkar eru dreifðir um frekar stórt svæði en æskulýðsnefndin reynir þrátt fyrir það að bjóða upp á dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Uppskeruhátíð Hestamannafélagsins Snæfellings fór fram í nóvember. Hefð er fyrir því að veita knöpum í barna, unglinga og unglingaflokki í félaginu hvatningarverðlaun fyrir þátttöku í mótum á afstöðnu tímabili.

Knapar sem hlutu viðurkenningu í barnaflokki árið 2021 voru Magnús Ingi Sigfússon, Haukur Orri Bergmann Heiðarsson, Kristín Lára Eggertsdóttir, Sól Jónsdóttir, Ari Osterhammer Gunnarsson, Íris Anna Sigfúsdóttir og Sölvi Freyr Sóldal Jóhannsson



Knapar sem hlutu viðurkenningu í unglingaflokki árið 2021 voru

Gísli Sigurbjörnsson, Hafdís Lóa Sigurbjörnsdóttir, Harpa Dögg Bergmann
Heiðarsdóttir, Hera Guðrún Ragnarsdóttir, Signý Ósk Sævarsdóttir, Valdís María
Eggertsdóttir og Helga Sóley Ásgeirsdóttir



Knapar sem hlutu viðurkenningu í ungmennaflokki árið 2021 voru Gróa Hinriksdóttir
og Inga Dóra Sigurbjörnsdóttir, Inga Dís Víkingsdóttir og Tinna Guðrún
Alexandersdóttir



Veitt voru verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á árinu í barna, unglinga og ungmennaflokki en það voru þau Haukur Orri Bergmann Heiðarsson sem hlaut þau verðlaun í barnaflokki, Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir sem hlaut þau verðlaun í unglingaflokki og Inga Dís Víkingsdóttir sem hlaut þau verðlaun í ungmennaflokki.



Knapi ársins hjá Hestamannafélaginu Snæfelling árið 2021 er Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir en hún er knapi í unglingaflokki .



Harpa Dögg var svo einnig valinn íþróttamaður HSH fyrir framúrskarandi árangur á tímabilinu



LH var áfram með hæfileikamótun fyrir unglinga og voru okkar unglingar hvattir til að taka þátt. Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir komst inn í þann hóp frá okkur í Snæfelling.

Mjög skemmtilegt og flott verkefni og gaman að eiga fulltrúa í því.

Knapamerkjanámskeið 3 var einnig í boði á vegum Snæfellinga og vel sótt. Kennarar voru Elisabeth Marie Trost og Bjarki Þór Gunnarsson. Við vorum með 2 unglingar og 1 ungmenn sem kláruðu þetta verkefni með stæl.

Helgarnámskeið á Skáney var haldið 16. - 18. apríl. Við fórum með flottan hóp barna á föstudegi. Allir voru mjög spenntir og tóku Randi og Haukur vel á móti okkur. Fyrst fengu krakkarnir smá hressingu og svo var farið í að deila niður herbergjum. Krökkunum var skipt í tvo hópa eftir getu og í kjölfarið voru fyrstu reiðtímarnir. Allir krakkarnir fóru í 4 reiðtíma yfir helgina og svo fengu þau kennslu í umhirðu hrossa og svo aðstoðuðu þau við að hirða hesthúsið. Á kvöldin var svo spjallað, leikið sér og hlegið dætt auk þess sem að leynigestur kíkta í heimsókn. Þessi helgi heppnaðist mjög vel og er í raun mjög mikilvægur liður í því að börnin í okkar félagi kynnist vel og myndi tengsl hvert við annað þar sem þau búa mjög dreift. Þetta er orðið árlegur liður hjá okkur að fara á þetta frábæra helgarnámskeið.

Hópurinn á Skáney 2022



Hestamannafélagið Snæfellingur hefur undanfarin ár staðið fyrir mótaröð yfir vetrarmánuðina og voru 3 mót í mótaröðinni í ár þar sem unga fólkið okkar var duglegt að taka þátt og æfa sig í keppni. Fyrsta mótið var haldið í Ólafsvík, annað mótið í Stykkishólmi og það þriðja var haldið í Grundarfirði.

Hér eru myndir af stigahæstu knöpum í barna og unglingaflokki, á myndina vantar Ara Osterhammer Gunnarsson



Æskulýðsnefndin var með páskabingó fyrir börn, unglinga, ungmenni og fjölskyldur þeirra sem var vel sótt og þóttist takast vel til :)



Fórum líka með hóp barna og unglinga í Klifurhúsið í Grundarfirði og í pizzahlaðborð til að þétta hópinn og að eiga skemmtilega stund saman. Viðburðurinn var nokkuð vel sóttur og allir skemmtu sér konunglega.



Siguroddur Pétursson og Ásdís Sigurðardóttir voru með einstaklingsmiðað reiðnámskeið þar sem farið var í hvernig á að byggja upp hest og knapa fyrir betri



reiðhest og keppnishest. Námskeiðið var mjög vel sótt af börnum, unglingum og ungmennum í félaginu og var þetta virkilega gagnlegt og skemmtilegt námskeið.

Haldið var keppnisnámskeið fyrir þau börn, unglinga og ungmenni sem höfðu hug á að taka þátt í úrtöku fyrir Landsmót og svo í kjölfarið fengu þeir sem öðlast höfðu rétt til þátttöku Landsmótinu einnig reiðtíma. Leiðbeinendur voru Siguroddur Pétursson, Ásdís Ólöf Sigurðardóttir og Guðný Margrét Siguroddsdóttir. Á Landsmótinu var svo grillveisla fyrir börn, unglinga og ungmenni auk aðstandenda í boði félagsins.

Opið íþróttamót var haldið í Grundarfirði 1. maí. Þátttakan hjá okkar krökkum í öllum aldursflokkum var mjög góð.

hér eru myndir úr verðlaunaafhendingu yngri flokka



28. maí var Hestáping Snæfells haldið í Stykkishólmi.

hér eru myndir úr verðlaunaafhendingu yngri flokka



Sameiginleg úrtaka hestamannafélaganna á Vesturlandi fyrir Landsmót 2022 var haldin í Borgarnesi 4. og 5. júní

Þetta voru fulltrúar Snæfellinga í yngri flokkum á Landsmóti hestamanna 2022

Ungmennni

Gróa Hinriksdóttir og Katla frá Reykhólum

Unglingar

Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir og Þytur frá Stykkishólmi

Valdís María Eggertsdóttir og Brynjar frá Hofi

Hera Guðrún Ragnarsdóttir og Hugmynd frá Tjaldhólum

Barnaflokkur

Haukur Orri Bergmann Heiðarsson og Hnokki frá Reykhólum

Ari Osterhammer Gunnarsson og Sprettur frá Brimilsvöllum

Sól Jónsdóttir og Sátt frá Kúskerpi

Hestamannafélagið Snæfellingur er mjög stolt að eiga ungling sem fór með U21 landsliðinu á Norðurlandamót á Álandseyjum, en það var hún Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir. Hún stóð sig mjög vel og endaði í 2. sæti í B - úrslitum í T1 með hestinn Heiður frá Boänge.



Árlega Vatnabúðareiðin var svo farið síðasta laugardag í ágústmánuði og var virkilega gaman að sjá hversu vinsæl fjölskyldureið þetta er orðið.



Þannig að það má segja að barna- og unglingastarfi fer sí vaxandi á nesinu og mikil nýliðun varð á á árinu í gegnum námskeiðin.

Búið er að skipuleggja nokkra viðburði fyrir næsta starfsár æskulýðsnefndar og er það okkar von að þátttaka verði góð í þeim viðburðum.

12.október , Æskulýðsnefnd:

Erna Sigurðardóttir, Nadine E. Walter, Katrín Gísladóttir og Veronica Osterhammer